

Nd.

279. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um samþyktir um kornfordabúr til skepnufóðurs (þgskj. 234).

Flutningsm.: Björn R. Stefánsson.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um samþyktir um eftirlit með heyásetningu og fóðurbæti handa búpeningi.

2. 1. gr. orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórnnum eins eða fleiri hreppa að gera samþykktir um eftirlit með heyásetningu og fóðurtryggingu handa búpeningi.

3. 2. gr. orðist svo:

Þegar sveitarstjórnnum eins eða fleiri hreppa þykir þörf á að gera samþykktir um fóðurtryggingu búpenings, skulu þær kveðja til fundar á því svæði, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, og búendur þó yngri sjeu. Fundinn skal boða öllum heimilum á samþyktarsvæðinu, og eigi með minna en 8 náttu fyrirvara. Sveitarstjórn ákveður fundarstað og fundardag og velur fundarstjóra.

4. 3. gr. orðist svo:

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp, sem sveitarstjórn hefir samþykkt. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða, eða geri á því þær einar breytingar, sem $\frac{3}{4}$ hlutar fundarmanna samþykkja, þá sendir fundarstjóri frumv. til sýslumanns, sem sendir það með umsögn sinni til ráðuneytis Íslands til staðfestingar og lög-gildingar. Sjeu á samþyktarsvæðinu hreppar úr 2 sýslum, sendist hlutað-eigandi sýslumönnum sitt eintakið hvorum, sem báðir senda það áfram til ráðuneytisins með umsögn sinni.

5. við 5. gr.

Í stað »korni« komi:
fóðurbæti.

Í stað »kornsins« komi:
fóðurbætisins.

6. við 11. og 12. gr.

Í stað »kornforðabúrsins« í báðum þeim greinum komi:
forðabúrsins

7. Aftan við 13. gr. komi ný grein, er verður 14. gr.

Þeir hreppar, sem hafa fengið ráðuneytisstaðfestingu á samþykkt um eftirlit með heyásetningu og fóðurbirgðum handa búpeningi, eru undanþegnir ákvæðum laga nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu.

8. 14. gr. verður 15. gr.